

V. 5/13. 6. 40

Sögulögmál.

Á þessum síðustu tímum eru farin að koma fram skýrar en áður ýms sögulögmál sem mjög áriðandi er að þekkja. Hygg eg jafnvel, að væru þau lögmál svo kunn sem skyldi, mundi ekki einasta ekki vera styrjöld, heldur munu þjóðirnar leggja engu minna kapp á sem allrabest allra samtök og samstarf, en nú er gert á að eyðileggja sem mest fyrir andstæðingum. Verði þeirri stefnu haldið áfram má segja fyrir hrun menningarinnar, og jafnvel endalok mannkyns áður á mjög löngu líði. Því að þegar útséð er um að mannkyn einhvers hnattar átti sig á því, að hverju mannkyn á að stefna, þá á það sér ekki langan aldur úr því. Og um hinar einstöku þjóðir má segja, að því háleitara hlutverk sem þeim er ætlað, því fyr munu þær lamast og líða undir lok ef þær bregðast því. Forlög Norðurlandþjóðanna veita mjög eftirtektarverðar bendingar í þessa átt. Því verður ekki neitað, að á Norðurlöndum hafa verið, eða þaðan ættaðir, ýmsir af helstu forustumönnum mann-

kynsins. En þó verour ekki sagt, að hið norræna kyn hafi ennþá til fulls áttað sig á hlutverki sínu. En hinsvegar virðist mjög ljóst að til er þjóð, sem telur sig öllum öðrum fremur forustuþjóðina hér á jörðu, og erfingja hins hvíta mannkyns. Þessi þjóð, Japanar, heldur því fast fram, að Asía eigi að vera fyrir Asíumenn og yfirráð Norður-

álfumanna eigi þar engin að vera. Og allar líkur virðast vera til þess, að ef Evrópuþjóðirnar berjast til þrautar sín á milli, þá muni þær ekki, þegar þeim ófriði lýkur, vera þess megnugar, að standa á móti tilraunum Japana til að hrinda gersamlega öllum yfirráðum Evrópumanna í Austurálfu heims.

Helgi Pjeturss.